

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hörgársveit.

Engimýri 3, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 29. apríl 2021 deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu í Engimýri 3 á svæði sem skilgreint er sem verslunar- og þjónustusvæði (VP4) í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024. Deiliskipulagið tekur til byggingar sex smáhúsa fyrir ferðaþjónustu og einu starfsmannahúsi til viðbótar við gistiheimili sem þegar er til staðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hörgársveit, 22. september 2021.

Vígús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2021